

FFR FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Skýrsla stjórnar FFR 2004 - 2005

Reykjavík maí 2005

I. Stjórn og stjórnarfundir

Á aðalfundi Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) sem haldinn var 3. maí 2004 voru kosin í stjórn félagsins;

Formaður:

Skúli Eggert Þórðarson, skattransóknarstjóri.

Aðrir í aðalstjórn:

Sigurður Guðmundsson, landlæknir,

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður,

Björn Karlsson, brunamálastjóri,

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður.

Í varastjórn voru kosnir:

Snævar Guðmundsson, forstjóri Fasteigna ríkissjóðs,

Þorkell Helgason orkumálastjóri,

Óli H. Þórðarson, formaður Umferðarráðs.

Stjórnin skipti verkum með þeim hætti að Sigurður Guðmundsson tók að sér störf varaformanns, Sigríður Björk Guðjónsdóttir gjaldkerastörf, Björn Karlsson varð ritari og Margrét Hallgrímsdóttir meðstjórnandi. Vararitari er Snævar Guðmundsson, varagjaldkeri er Þorkell Helgason og umsjónarmaður félagaskrár er Óli H. Þórðarson.

Stjórnarfundir fara fram þannig að stjórn og varastjórn hittist ætíð saman og er í reynd ekki gerður neinn greinarmunur á stjórn eða varastjórn. Hefur sá háttur verið hafður á um árabíl og jafnvel frá upphafi. Stjórnin hélt alls 7 stjórnarfundir á árinu og ákvað í upphafi að bera saman annars vegar reynslu næstliðins árs og hins vegar liðinna ára og meta þannig hvort félagið væri á réttri leið. Þá ræddi stjórnin ítarlega stefnumótun og áherslur í starfi félagsins og hvort þar væri stigin rétt spor.

Ákveðið var að hafa starf félagsins áfram frekar opið og gefa forstöðumönnum utan þess kost á að taka þátt í félagsstarfinu, þó ekki umræðum um kjara- og lífeyrismál. Þá var ákveðið að kynna starf félagsins sérstaklega fyrir öllum félagsmönnum með því að senda þeim öllum eintak af skýrslu stjórnar liðins árs.

Sömuleiðis var öðrum forstöðumönnum ríkisstofnana sem standa utan félagsins kynnt starfsemi þess á sama hátt en jafnframt fylgdi skýrslu stjórnar eyðublað um inngöngubeiðni í félagið. Þá gekk stjórnin tvívegis frá starfsáætlun til fjögurra mánaða fyrst að hausti 2004 en síðan í ársbyrjun 2005 og voru starfsáætlanir þessar sendar í tölvupósti til allra forstöðumanna í því skyni að kynna þeim starfsemi félagsins. Starfsáætlanir þessar stóðust að mestu, féll niður einn fundur um almannatengsl og stofnanaheimsókn til Hæstaréttar en í stað þeirra var bætt við fundum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og með erlendum stjórnsýslufr.

Félagsmenn í FFR voru í upphafi starfsársins 165, þ.e. 134 starfandi forstöðumenn stofnana og 31 fyrrverandi forstöðumaður. Á starfsárinu voru felldir af aðalskrá alls 11 forstöðumenn. Af þeim höfðu 6 látið af störfum sem forstjórar stofnana en skráin var einnig hreinsuð af 5 mönnum sem hætt höfðu sem forstöðumenn nokkru áður. Þannig fækkaði um 11 af aðalskrá. Í félagið gengu á hinn bóginn **32 nýir félagsmenn og netto fjölgun er því 25.**

Félagatalið telur því:

154 starfandi forstöðumenn

36 fyrrverandi forstöðumenn

Alls **190 félagsmenn.**

Er þetta því umtalsverð fjölgun og hafa félagsmenn FFR aldrei verið fleiri en á næsta ári verða liðin 20 ár frá stofnun þess. Lengst af voru félagsmenn í FFR nokkuð innan við helmingur forstöðumanna stofnana en fjölgun félagsmanna hefur verið jöfn og þétt síðustu 7 – 8 ár þótt óvenju margir hafi gengið til liðs við félagið á liðnu starfsári. Var það fjöldasending á ársskýrslu félagsins sem þar hafði mest að segja. Alls eru nú það tveir þriðji hluti allra forstöðumanna stofnana hér á landi sem eru félagsmenn í FFR. Hefur það hlutfall ekki heldur verið hærra en nú.

Í samræmi við 9. gr. félagslaga boðaði stjórnin til aðalfundar 31. maí 2005 með lögbundnum fyrirvara og lýkur störfum starfsársins 2004 – 2005 í dag.

II. Tilgangur Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Í 2. gr. félagslaga segir svo:

Tilgangur félagsins er:

- að efla kynni félagsmanna.
- að stuðla að samstarfi félagsmanna.
- að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, þar með talið kjaramálum þeirra, almennt.
- að vera tengiliður við stjórnvöld varðandi gagnkvæm málefni.
- að efla kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars.
- að stuðla að fræðslustarfi meðal félagsmanna.

Tilgangur félagsins samkvæmt félagslögum ber það þannig skýrlega með sér að félaginu er ætlað að vera félagsskapur þeirra sem gegna störfum forstöðumanns ríkisstofnunar í því skyni að þeir geti betur sinnt starfi sínu, með því að vera kunnugt um með hvaða hætti aðrir forstöðumenn sinna sínu starfi, leysa aðsteðjandi vandamál og að hópurinn geti staðið saman um tiltekin hagsmunamál, annað hvort þeirra persónulegu eða vegna hagsmuna sem skapast starfs þeirra vegna. Félag forstöðumanna ríkisstofnana hefur á undanförunum árum og áratugum sinnt þessu hlutverki sínu með fjórþættum hætti, félagsfundum, stofnanaheimsóknnum, fræðslustarfi og viðræðum við hlutaðeigandi stjórnvöld, hvort heldur vegna kjaramála eða annarra hagsmunamála.

III. Félagsfundir

Félag forstöðumanna ríkisstofnana hélt 15 félagsfundi á starfsárinu og efndi til einnar stofnanakynningar. Með aðalfundi 2005 hefur félagið því haldið 17 fundi frá því í september 2004. Er það nokkur fjölgun funda frá fyrra ári. Efni félagsfunda var sem hér segir:

1. **Fyrsti** félagsfundurinn var haldinn 15. september 2004. Gestur þess fundar var **Gunnar Björnsson** skrifstofustjóri Starfsmannaskrifstofu

Fjármálaráðuneytisins. Á fundinum gerði Gunnar grein fyrir samningaferli við stéttarfélag opinberra starfsmanna. Fundinn sóttu um 50 manns.

2. **Annar** félagsfundurinn var haldinn 16. september 2004 og þá í samstarfi við Ríkisendurskoðun og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ. Gestur þess fundar var breski ríkisendurskoðandinn **Sir John Bourne**. Flutti hann fróðlega hugvekju um stjórnkerfið breska og breytingar þar. Fundarmenn voru um 160.
3. **Priðji** félagsfundurinn var haldinn 6. október 2004 en þá var gestur fundarins **Marianna Jónasdóttir** skrifstofustjóri í Fjármálaráðuneytinu og formaður stjórnar Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna. Fjallaði Marianna um starfsemi lífeyrissjóðsins, þróun og stöðu lífeyrismála. Greiðendur iðgjalda er sífellt fleiri í A- hluta sjóðsins en að sama skapi fækkar greiðendum í B- hluta. Þeir sem taka lífeyri eru síðan flestir úr B-hluta sjóðsins. Líflegar umræður urðu á fundinum. Fundarmenn voru 36.
4. **Fjórdi** félagsfundurinn var haldinn 26. október 2004 og fjallaði um skipan forstöðumanna “til 5 ára”, og hver hefði verið reynslan, gildi ákvæðisins og þýðing þess. Gestir fundarins voru þeir **Gunnar Björnsson** og **Þórhallur Vilhjálmsson** frá Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Það var niðurstaða framsögumanna að eins og ákvæðið hefði verið framkvæmt væri ekki unnt að líta svo á að ráðherra hefði óskorað vald til að skipta forstöðumanni stofnunar út án málefnalegrar ástæðu. Margt athyglisvert kom fram á þessum fundi og umræður voru miklar. Fundarmenn voru rúmlega 40.
5. **Fimmti** félagsfundurinn var haldinn 2. nóvember 2004. Gestur þess fundar var **Magnús Stefánsson** formaður Fjárlaganefndar Alþingis. Ræddi hann um störf nefndarinnar og hvernig staðið væri að fjárlagagerð. Talsverðar umræður urðu meðal fundarmanna um aðkomu forstöðumanna stofnana að fjárlagagerðinni og afstöðu ráðuneyta í því samhengi. Fundarmenn voru alls tæplega 50.
6. **Sjötti** félagsfundurinn var haldinn 17. nóvember 2004. Þá var tekið til umræðu hver væri staðan í samningamálum starfsmanna ríkisins. Gestur

fundarins var **Guðmundur H. Guðmundsson** varaformaður Samninganefndar ríkisins og sérfræðingur á Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Gerði Guðmundur grein fyrir hvernig staða mála væri og greindi frá helstu kröfum aðila. Margir fundarmanna tóku til máls og lýstu viðhorfum sínum. Urðu gagnlegar umræður á fundinum og fyrirlesara voru færð skýr skilaboð um hvað bæri að varast sérstaklega. Fundinn sóttu 53 fundarmenn.

7. **Sjöundi** félagsfundur þessa starfsárs var haldinn 24. nóvember 2004. Þá gekkst félagið fyrir ráðstefnu í samvinnu við Fjármálaráðuneytið og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ um **lýðræðiskenningar, skipulag íslenskrar stjórnsýslu og réttaröryggi**. Var þetta önnur ráðstefnan sem haldinn er um þetta málefni, stjórnsýsluna, en fyrsta ráðstefnan var haldin 31. mars 2004. Framsögumenn á ráðstefnunni 24. nóvember voru þeir **Arnar Þór Másson** stjórnsýslufræðingur og sérfræðingur í Fjármálaráðuneytinu, **Gunnar Helgi Kristinsson** prófessor við Háskóla Íslands og **Tryggvi Gunnarsson** Umboðsmaður Alþingis. Ávarp flutti **Baldur Guðlaugsson** ráðuneytisstjóri í Fjármálaráðuneytinu en ráðstefnustjóri var **Ragnhildur Hjaltadóttir** ráðuneytisstjóri í Samgönguráðuneytinu. Mikið fjölmenni sóttu ráðstefnuna og voru ráðstefnugestir rösklega 200 manns.
8. **Áttundi** félagsfundurinn var haldinn 3. desember 2004. Boðað var til jólahlaðborðs. Gestur fundarins var **Páll Skúlason** heimspekingur og háskólarektor. Flutti hann mönnum áhrifamikla hugvekju um barnið í mannum í tengslum við komandi jólahátíð. Á fundinum var einnig tónlistaratriði en listamennirnir **Ragnheiður Gröndal** söngkona og **Haukur Gröndal** hljóðfæraleikari fluttu jólahlaðborðsgestum tónlist. Áttu fundarmenn þarna góða stund saman. Fundarmenn voru alls 36.
9. **Níundi** félagsfundurinn var haldinn 12. janúar 2005. Gestur þess fundar var **Baldur Guðlaugsson** ráðuneytisstjóri í Fjármálaráðuneytinu. Nefndi hann erindi sitt “hreyfanleiki ríkisstarfsmanna”. Kynnti Baldur hugmynd sem verið hafði í mótun á vegum ráðuneytisins þar sem leitast var við að skapa skilyrði til þess að unnt væri að flytja starfsmenn ríkisins til tímabundið. Tilgangur þessa væri að auka áhuga starfsmanna á starfsvettvangi sínum

með eins konar vinnuskiptum án þess að slíkt yrði á varanlegan hátt. Fundinn sóttu tæplega 40 manns.

10. **Tíundi** félagsfundurinn var haldinn 15. febrúar 2005. Gestur þess fundar var **Björn Bjarnason** Dóms- og kirkjumálaráðherra. Fjallaði Björn í erindi sínu um fjölmörg málefni, m.a. um ritun Stjórnarráðs Íslands, áherslur í stjórnarráðinu og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Lýsti Björn viðhorfum sínum og var m.a. skorinorður í garð vissra stjórnmalaflokka. Var erindi Björns og umræður á eftir um margt afar fróðlegt. Fundarmenn voru tæplega 30.
11. **Ellefti** félagsfundurinn var haldinn 25. febrúar 2005. Þá voru enn til umræðu kjarasamningar opinberra starfsmanna. **Gunnar Björnsson** kom til fundarins glóðvolgur af samningafundi þar sem hann skýrði gang viðræðna og lagði mat á það hvort samningar tækjust þann dag sem fundurinn var haldinn. Góðar og gagnlegar umræður urðu á fundinum. Fundarsókn var mikil, tæplega 100 manns sóttu fundinn.
12. **Tólfti** félagsfundurinn var haldinn 8. mars 2005. Tekin voru til umræðu launa- og lífeyrismál forstöðumanna. Fyrirlesarar voru þeir **Magnús Jónsson** veðurstofustjóri, **Sjöfn Sigurgísladóttir** forstjóri Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins og **Stefán Skarphéðinsson** sýslumaður. Ekki urðu margir til að taka til máls á fundinum og fundarsókn var í dræmara lagi, fundarmenn voru um 25.
13. **Prettándi** félagsfundurinn var haldinn 9. mars 2005. Þá stóð félagið fyrir ráðstefnu um stjórnsýslu - hinnar þriðju af því tagi. Var hún haldin í samvinnu við Fjármálaráðuneytið og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands. Yfirskrift ráðstefnunnar var “**Arðsemi góðrar stjórnsýslu**”. Fyrirlesarar voru þau **Berglind Ásgeirsdóttir** aðstoðarframkvæmdastjóri OECD, **Sigurður Þórðarson** ríkisendurskoðandi, **Porkell Helgason** orkumálastjóri og **Ingimundur Sigurpálsson** formaður Samtaka atvinnulífsins og forstjóri Íslandspósts. Ávarp flutti **Geir Haarde** fjármálaráðherra og ráðstefnustjóri var **Þorsteinn Geirsson** ráðuneytisstjóri í Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Ráðstefnan var fjölsótt og voru gestir 160 að tölu.

14. **Fjórtándi** félagsfundurinn var haldinn 12. apríl 2005. Þá gekkst félagið ásamt Fjármálaráðuneytinu fyrir kynningarráðstefnu um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Fyrirlesarar voru allir frá Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, þau **Gunnar Björnsson, Ásta Lára Leósdóttir, Hrönn Pálsdóttir, Guðmundur H. Guðmundsson og Sonja María Hreiðarsdóttir**. Ráðstefnustjóri var **Skúli Eggert Þórðarson**. Aðsókn sló öll met og voru gestir röskelega 300.

15. **Fimmtándi** félagsfundurinn var haldinn 24. maí 2005 í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ. Yfirskrift fundarins var “Stjórnsýsla 21. aldarinnar” Gestur fundarins var **Donald Kettle**, bandarískur stjórnsýslufræðingur og prófessor við Pensylvaníuháskóla. fundarmenn voru um 70.

16. Stofnanaheimsókn.

Sextándi fundur starfsársins var stofnanaheimsókn hjá **Þjóðminjasafninu** 29. september 2004. Þar tók **Margrét Hallgrímsdóttir** þjóðminjavörður á móti gestum og gerði í upphafi grein fyrir safninu og störfum starfsmanna þess. Að loknum inngangsfyrirlestri leiddi hún forstöðumenn um safnið og kynnti hinar miklu breytingar sem á því hafa orðið. Stofnanaheimsókn þessa sóttu rétt um 50 manns.

Stofnanaheimsóknir hafa verið heldur dræmlega sóttar um árabíl. Þó eru þess merki að áhugi á þeim sé að vakna að nýju og nokkrar hafa verið þokkalega sóttar og góður rómur gerður að þeim. Má þar m.a. nefna kynningu hjá Landlækni fyrir réttu ári. Er það von stjórnarinnar að stofnanaheimsóknir geti áfram orðið reglubundinn þáttur í starfsemi félagsins en nokkrum sinnum hefur verið til umræðu að láta af stofnanaheimsóknum. Í undirbúningi er heimsókn til Hæstaréttar Íslands en af ýmsum ástæðum varð úr að fresta þeirri heimsókn sem ákveðin hafði verið 15. apríl. M.a. var fyrirsjáanlegt að fjöldi forstöðumanna yrði á fundum annars staðar þann dag.

Í heildina má um fundarsókn hjá félaginu segja að hún hafi verið misjöfn en í heild aukist mjög frá fyrri árum. Á starfsárinu sóttu fundi félagsins og stofnanaheimsókn rétt um 1400 manns. Hafa aldrei fleiri hafi sótt fundi félagsins á einu starfsári. Á

síðasta starfsári sóttu fundi um 700 manns sem þá var metár og er því fjölgunin því tvöföld milli ára. Vitaskuld hafa fjölsóttar ráðstefnur mest að segja í þessu tilliti en einnig ákveðin málefni sem félagsmenn sækja meir en annað. Það þarf einnig að hafa í huga að stærri ráðstefnur eru sóttar af fleirum en forstöðumönnum einum. Athyglisverð er aðsókn að fundum um kjaramál forstöðumanna, hvort heldur það eru launa- eða lífeyrismál og fundum með stjórnámálumönnum. Þar er fundarsókn frekar dræm en fundir um málefni stofnana, svo sem um samningamál starfsmanna eða lagaákvæði um tiltekna stjórnarsýslu, eru mjög fjölsóttir. Verður að telja að þetta sé skýr vísbending um hvaða áherslur beri að hafa í starfi félagsins.

IV. Fræðslumál

Á starfsárinu tókst að hrinda af stað stjórnendabjálfun forstöðumanna sem í allmörg ár hefur verið í undirbúningi. Fyrir nokkrum árum var gerð tilraun af hálfu fjármálaráðuneytisins í samstarfi við FFR um að koma á einstaklingsbundinni bjálfun eða fræðslu fyrir forstöðumenn, einkum á sviði stjórnunar. Því miður lagðist þetta tilraunastarf af eftir velheppnað upphaf og ekki tókst að þoka málinu áfram þrátt fyrir tilraunir í þá átt.

Stjórn FFR ákvað þá að taka frumkvæði og fól þeim Hauki Ingibergssyni forstjóra FMR og Sölva Sveinssyni skólameistara að gera sjálfstæða könnun á hvernig unnt yrði að standa að framhaldi málsins. Niðurstaða þeirra var að fá IMG og Stofnun stjórnarsýslufræða og stjórn mála við HÍ til liðs við félagið að þessu verkefni. Starfsmenntunarsjóður embættismanna féllst á að styrkja þetta starf um kr. 1.200.000 með eingreiðslu, sem var annars vegar fyrir undirbúning en einnig til að greiða niður námskeiðsgjaldið. Í kjölfar nokkurrar undirbúningsvinnu var undirritaður hinn 14. september 2004, samstarfssamningur á milli IMG, Stofnunar stjórnarsýslufræða og stjórn mála við HÍ, Fjármálaráðuneytisins og Félags forstöðumanna ríkisstofnana um fræðsluáætlun fyrir forstöðumenn opinberra stofnana. Námskeiðahaldið hófst í október 2004 með þriggja lota bjálfunar- og námskeiðahaldi, 48 klst. sem haldið er í þrennu lagi. Hefur einn hópur lokið öllum námskeiðum og annar er farinn af stað. Þátttaka mætti reyndar vera meiri, flest hefur verið á þessum námskeiðum rösklega 20 manns en stundum nokkru færri. Kostnaður við þetta er hins vegar hóflegur fyrir stofnanir eða kr. 120.000 fyrir allar loturnar sem taka samtals eina vinnuviku. Þeir sem gengið hafa í gegnum

fyrirnefnt þjálfunarkerfi hafa lokið upp einum rómi um að það hafi gagnast þeim vel. Þetta er einnig vettvangur fyrir forstöðumenn að kynna bæði persónulega og þeirri starfsemi stofnana sem hlutaðeigandi reka og hvaða álitamál þar kunna að vera uppi.

Þá stóð félagið í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ fyrir ítarlegu námskeiði í stjórnsýslurétti. Var það námskeið 36 kennslustundir og var aðalkennari Páll Hreinsson prófessor við HÍ. Þetta var námskeið bæði ætlað forstöðumönnum og öðrum sem starfa við stjórnsýslu hjá stofnunum. Færri komust á þetta námskeið en vildu og stendur til að endurtaka það næsta vetur en í breyttri mynd til að koma til móts við forstöðumenn sem starfa utan Reykjavíkursvæðisins. Kostnaði var mjög í hóf stillt eða kr. 39.000 fyrir hvern þátttakanda.

Loks eru margir fundir og ráðstefnur sem félagið stendur fyrir hluti af almennu fræðslustarfi félagsins. Má þar m.a. nefna þrjár ráðstefnur um stjórnsýsluna sem félagið hefur staðið fyrir á undanförunum tveimur árum.

V. Kjara- og lífeyrismál

Í lögum FFR segir m.a. í 2. gr. félagslaga:

„Tilgangur félagsins er.....að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, þar með talið kjaramálum þeirra, almenn“

Þáttur í störfum stjórnar er því að eiga samskipti við Kjaranefnd og fylgjast með þróun launa og launavísitölu. Stjórnin fól þeim Magnúsi Jónssyni fyrrverandi formanni FFR og Sigurði Guðmundssyni varaformanni stjórnar að leiða samskiptin við kjaranefnd. Hafa þeir ásamt formanni félagsins annast þau.

Helstu áhersluatriði FFR hafa verið eftirfarandi:

- almenn hækkun launa forstöðumanna
- fella niður lægstu flokka sem forstöðumenn taka laun eftir
- færa hluta eininga inn í föst laun
- endurskoða viðmiðanir við launaákvæðanir forstöðumanna
- tryggja eins konar biðlaunarétt eða starfslokagreiðslur
- komið verði á fót fjölskyldu- og styrktarsjóði.

Viðræður við Kjaranefnd hafa gengið vel þótt FFR hafi lýst þeim sjónarmiðum sínum að félaginu þætti framfarir ganga heldur hægt og skref sem stigin hafa verið til hækkunar launa bæði verið stutt og komið seint, einkum þó framan af. Á árinu 2004 ákvað Kjaranefnd hækkun launa um 3% frá 1. janúar 2004 en Kjaradómur ekki fyrr en í desember sama ár. Þ. 1. janúar 2005 hækkaði Kjaranefnd laun aftur um 3% í samræmi við kjarabreytingar í samfélaginu, annarra en opinberra starfsmanna. Á sama tíma gerði Kjaradómur engar breytingar. Með þessu má segja að nokkuð hafi dregið saman með launum ákvörðuðum af Kjaranefnd og launum ákvörðuðum af Kjaradómi. Við athugun og samanburð við launavísitölu hefur komið í ljós að meðaltalslaun forstöðumanna opinberra stofnana fylgja nú á allra síðustu árum launavísitölu og raunar örlítið betur undanfarið. Þá líður nú frekar skammur tími á milli ákvarðana Kjaranefndar og almennra launabreytinga og er það einnig framför frá því sem áður var.

Félagið hélt sérstakan fund á árinu um launa- og lífeyrismál, svo sem venja hefur verið flest starfsár félagsins. Á þeim fundi setti einn fyrirlesari fram róttækar hugmyndir um breytingar á kjörum forstöðumanna og uppbyggingu þeirra, þar sem m.a. var gert ráð fyrir að forstöðumönnum yrðu fengnar bifreiðar til afnota. Hafa þær hugmyndir verið kynntar Kjaranefnd sem hefur þær til athugunar.

Í lífeyrismálum hefur félagið haldið m.a. fund með ráðamönnum og kynnt hugmyndir félagsins um úrbætur í lífeyrismálum en viðtökur hafa verið dauflugar. Verður þessi málaflokkur áfram til meðferðar hjá stjórn félagsins.

Um kjara- og lífeyrismálin almennt má segja að þetta er viðkvæmur málaflokkur og býsna skiptar skoðanir eru meðal félagsmanna um hvernig þessum málum sé best fyrir komið. Allar kerfisbreytingar eru í eðli sínu varasamar og kunna að raska jafnvægi. Þannig telur hópur félagsmanna að félagið eigi að einbeita sér að lífeyrismálum meðan aðrir telja að launamál beri að skipa hærri sess. Þá eru ólík sjónarmið um hvort gera beri mun á launum eftir ráðningarformi forstöðumanna svo og hvort ráðuneyti eigi að ákveða laun þeirra að hluta eða jafnvel öllu leyti. Félagsmenn eru þó sammála um að breyting þurfi að verða á launum til hækkunar.

Starfskjararáð félagsins hefur haldið uppi samskiptum við Kjaranefnd með fundum og símtölum í því skyni að þoka málum áfram. Rætt hefur verið um

áhersluatriði félagsins og fleiri mál. Þá hefur niðurfelling greiðslna fyrir setu í nefndum verið rædd allnokkuð, og raunar um árabíl, en sú ráðstöfun mæltist afar illa fyrir á sínum tíma og launabætur vegna þess voru lítt eða ekki sýnilegar í almennum launabreytingum.

Stjórn félagsins hefur rætt við Kjaranefnd að gerð verði úttekt af hlutlausum aðila á launaþróun kjaranefndarmanna í samanburði við launaþróun sambærilega starfshópa, svo sem stjórnenda á einkamarkaði, stjórnenda sveitarfélaga og aðila sem taka laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms. Stjórn félagsins telur koma til greina að það láti sjálft gera slíka úttekt af óháðum aðila jafnvel þótt kostnaður vegna þess kunni að vera mikill. Í því samhengi er m.a. óhjákvæmilegt að tekið verði tillit til þess að lífeyrishluti Kjaradómsmanna er mun meiri og betri en Kjaranefndarmanna.

Almennt má um þennan málaflokk í starfi félagsins segja að hann er ákaflega vandmeðfarinn og auðvelt að stýra viðræðum upp á sker. Reynsla stjórna FFR á liðnum árum hefur sýnt að við þetta þarf gætni, þolinmæði og þrautseigju. Stjórn félagsins reyndi fyrir allmörgum árum síðan aðrar aðferðir með talsvert öðrum tóni en því fór fjarri að árangur af slíku væri betri.

VI. Staða FFR – áherslur og viðhorf

Nokkuð er um að félagið sé beðið um að koma fram á ráðstefnum og fundum sem fulltrúi stofnana og raunar frekar sem eins konar vinnuveitandasamband ríkisstofnana. Þá er töluverð ásókn ráðgjafa og fyrirtækja sem selja vilja ríkisstofnunum þjónustu sína að fá félagið sem einhvers konar milligönguaðila um viðskipti. Er því ljóst að félagið hefur smám saman verið að festast í sessi sem vettvangur fyrir forstöðumenn ríkisstofnana til að koma fram sjónarmiðum sínum og áherslum um ríkisreksturinn einkum um starfsmannaþátt þess. Það er einnig athyglisvert að þess eru dæmi að einstakar stofnanir hafa óskað eftir þátttöku FFR í ráðstefnum og fundum, sem viðkomandi stofnanir hafa sjálfar staðið fyrir til að kynna löggjöf eða regluverk. Þetta síðastnefnda er vandmeðfarið mál. Vitaskuld getur félagið ekki staðið fyrir slíku nema í afmörkuðum tilfellum enda hlutverk þess ekki að boða tilteknar lagareglur eða háttsemi. Á hinn bóginn er sjálfsagt að félagið geti verið umræðuvettvangur fyrir stjórnsýsluleg álitamál.

Í fyrri ársskýrslum hefur verið rakið að Alþingi Íslendinga leitar reglulega til félagsins til umsagnar um málefni sem varða stofnanir hins opinbera. Fjármálaráðuneytið notar félagið einnig til að koma á framfæri við forstöðumenn stofnana upplýsingum um stöðu samningamála við starfsmenn ríkisins en ekki síður til að hlýða á viðhorf forstöðumenn stofnana. Fundir þess starfsárs sem nú er að ljúka er skýrasta dæmið um þetta. Þá hefur stjórn félagsins, einkum formaður, ritað reglulega um nokkurra ára skeið pistil í fréttablað fyrir stjórnendur ríkisstofnana sem fjármálaráðuneytið gefur út sem vefrit. Eru í þeim pistlum m.a. reifuð viðhorf félagsins og félagsmanna til málefna líðandi stundar hvað varðar ríkisreksturinn og stofnanir hins opinbera.

Allt þetta sýnir að áhrif félagsins og félagsmanna fara vaxandi um mál sem koma upp og snerta rekstur ríkisstofnana. Raunar er það stöðugt og áleitið álitamál hverjar skuli vera áherslur félags eins og Félag forstöðumanna ríkisstofnana er. Félagið er ekki fagfélag, ekki hreint réttindafélag og ekki kjarafélag félagsmanna en er ætlað að standa vörð um hagsmuni þeirra. Reyndin hefur orðið sú að sífellt eykst sá þáttur í starfi félagsins sem snýr að stofnunum sjálfum og störfum þeirra. Ef hins vegar félagið væri hreint kjarafélag eða legði mikla áherslu á þau málefni á opinberum vettvangi er viðbúið að áhrif þess yrðu ekki söm hvað aðra þætti varðar. Eins og alltaf er hér vandrataður meðalvegurinn en stjórn félagsins telur að á undanförunum árum hafi tekist að stíga ölduna á farsælan hátt.

VII. Fjárhagsmálefni.

Fyrir aðalfundi liggur endurskoðaður efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðið starfsár. Rekstrartekjur félagsins eru annars vegar félagsgjöld og hins vegar tekjur af ráðstefnum. Aðrar tekjur eru fjármagnstekjur. Félagsgjöldum hefur um árabíl verið mjög í hóf stillt. Flestir félagsmenn láta viðkomandi stofnanir greiða þau, enda drjúgur hluti af starfi félagsins viðkomandi stofnunum einnig til hagsbóta. Forstöðumenn sem látið hafa af störfum greiða ekki félagsgjald. Með breyttu fyrirkomulagi á fundarboðunum, aðhaldi í rekstri félagsins og bættri ávöxtun á sjóðum þess hefur tekist að mynda nokkurn hagnað undanfarin ár og nemur nú eigið fé rösklega einni milljón króna. Það er hins vegar ljóst að ef félagið þarf að kaupa sérfræðipækkingu vegna kjaramála sem fyrr er lýst, mun ganga verulega á sjóði félagsins.

VIII. Lokaorð.

Með þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi félagsins að undanfögnu og hvernig stjórn þess horfir til nánustu framtíðar. Starfsemi félagsins hefur verið nokkuð misjöfn frá stofnun þess 1986 og var um árabíl frá árunum 1994 - 1997 engin. Sú lægð í starfi félagsins var afar óheppileg og er ótvírætt að hún skaðaði það. Á síðustu 7 - 8 árum eða svo hefur starfsemi félagsins farið vaxandi, jafnvel svo að einstaka aðila hefur þótt nóg um. Á þeim árum hefur félagið í síauknum mæli látið til sín taka í sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna sem stjórnenda en jafnframt beint sjónum sínum að réttindamálum félagsmanna og kjaramálum þeirra.

Til framtíðar séð telur stjórn félagsins að leggja beri aukna áherslu á tvennt.

- Ýmis atriði við stjórnun stofnana svo sem að lagaumhverfi sé skýrt, samráð geti verið milli félagsmanna um stjórnunarlegar áherslur, svo sem um starfsmannamál og að sjálfstæði stofnana sé tryggt.
- Að réttindi félagsmanna verði virt í hvívetna, þau aukin eftir því sem kostur er og stuðlað verði að bættum kjörum félagsmanna.

Félagisstjórn FFR á hverjum tíma er það kappsmál að félagsmenn taki þátt í starfi félagsins með þátttöku í fundum, ráðstefnum og öðrum atburðum í því skyni að treysta félagsbönd félagsmanna, styrkja félagið og auðvelda því að ná markmiðum þess.

Reykjavík 31. maí 2005.

Skúli Eggert Þórðarson
Sigríður Björk Guðjónsdóttir
Margrét Hallgrímsdóttir
Snævar Guðmundsson

Sigurður Guðmundsson
Björn Karlsson
Þorkell Helgason
Óli H. Þórðarson